

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurjón Ólafsson'. The signature is fluid and cursive, with a prominent loop at the beginning.

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Laugardaginn 3. febrúar 2024 kl. 20:00
Sunnudaginn 4. febrúar 2024 kl. 20:00

Puríður Sigurðardóttir söngur
Berglind Björk Jónasdóttir söngur
Sigurður Helgi Pálmason söngur

Lára Bryndís Eggertsdóttir píanó
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla
Bjarn Sveinbjörnsson kontrabassi
Pétur Grétarsson slagverk

Efnisskrá

<i>Þú ert</i>	Pórarinn Guðmundsson
<i>Ennþá man ég hvar</i>	Karl Normann / Loftur Guðmundsson
<i>Ég ann þér enn</i>	Reed / Magnús Ingimarsson og Ómar Ragnarsson
<i>Frelsi ég finn</i>	Cole Porter / Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
<i>Orðin mín</i>	Bragi Valdimar Skúlason
<i>Danny Boy</i>	Írskt þjóðlag / Freysteinn Gunnarsson
<i>Líttu sérhvert sólarlag</i>	Bragi Valdimar Skúlason
<i>Svo ung og blíð (Það var lítið hús...)</i>	Al Hoffman og Manning / Þorssteinn Sveinsson
<i>Bláu augun þín</i>	Gunnar Þórðarson / Ólafur Gaukur
<i>Fram í heiðanna ró Kvöldið er fagurt Vor í Vaglaskógi</i>	Brewster M Higleigh / Friðrik A. Friðriksson Enskt þjóðlag / Ingólfur Þorsteinsson Jónas Jónasson / Kristján Einarsson
<i>Salut d'Amour</i>	Edward Elgar
<i>Reiðlag</i>	Patsy Montana / Jónas Friðrik

Vetrardagskrá í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar 2024

Priðjudaginn 6. febrúar kl. 20:00

Saga saumuð á langan refil. **Reynir Tómas Geirsson** fyrrverandi prófessor og yfirlæknir segir frá hinum fræga refli frá Bayeux.

Priðjudaginn 13. febrúar kl. 20:00

Njálurefillinn – sköpun hans í máli og myndum. **Kristín Ragna Gunnarsdóttir** teiknari og rithöfundur segir frá gerð Njálurefilsins sem hún hannaði og teiknaði.

Priðjudaginn 20. febrúar kl. 20:00

Flautukvartettar Mozarts. **Freyr Sigurjónsson** flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Martin Frewer** víola og **Pórdís Gerður Jónsdóttir** selló.

Priðjudaginn 27. febrúar kl. 20:00

Sigvaldi Kaldalóns. **Nína Margrét Grímsdóttir** píanó og **Gissur Páll Gissurarson** tenór. Dagskrá í tali og tónum.

Priðjudaginn 19. mars kl. 20:00

Frá Svartárkoti til Huldu á Skútustöðum, með viðkomu í Stafnsholti. **Viðar Hreinsson** tengir saman alþjóðleg umhverfishugvísindi og þjóðleg fræði landsbyggðarinnar.

Priðjudaginn 26. mars kl. 20:00

Sólrún Bragadóttir sópran og **Jón Sigurðsson** píanó. Úrval sönglaga frá síðrómantíska tímanum.

Priðjudaginn 9. apríl kl. 20:00

Duo Landon: **Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Martin Frewer**. Fiðludúettar, m.a. *Þingeysku fiðlulögin* sem Páll H. Jónsson skráði og Martin útsætti.

Priðjudaginn 16. apríl kl. 20:00

Dr. **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari fjallar um dr. Pál Ísólfsson orgelleikara og tónskáld.

Priðjudaginn 23. apríl kl. 20:00

Einleikstónleikar. Ítalski píanóleikarinn **Sebastiano Brusco** leikur verk eftir Mozart, Schubert og Chopin.

Priðjudaginn 14. maí kl. 20:00

Íslensk sönglög fyrr og síðar. **Jón Þorsteinsson** tenór og **Hrefna Eggertsdóttir** píanóleikari.

Nánari lýsingar má finna á heimasíðu listasafnsins www.LSO.is

Puríður Sigurðardóttir er vissulega Reykjavíkurmær, en aðallega er hún Laugarnesstelpa eins og hún hefur sýnt og sannað með list sinni og skrifum á undanförunum árum. Hún fæddist og ólst upp á bænum Laugarnesi á Laugarnesinu sjálfu og hefur í rauninni snúið til baka í anda og athöfn þó að hún sé ekki flutt þangað búferlum – ennþá að minnsta kosti.

Hún var hamingjubarn, sú fjórða í fríðum sex systkina hópi, dóttir Sigurðar Ólafssonar sem var dáður söngvari og Ingu Valfríðar eða Snúllu sem hélt vel utan um stóra hópinn sinn. Húsakynnin voru ekki stór en hjartarúmið ótakmarkað.

Þegar ég flutti í Laugarneshverfið tíu ára, beint af eyrinni á Akureyri, varð Laugarnesfjaran undir eins eðlilegur leikvöllur. Þá var Þura fjögurra ára, gullfalleg lítil dúkka sem gaman var að leika við, passa og stríða. Ég týndi henni þegar ég hætti að leika mér í fjörunni en varð ekki lítið glöð fáeinum árum síðar þegar ég áttaði mig á því að mjúku, dálítið dimmu og sjarmerandi unglingsröddina sem heillaði landann í laginu *Elskaðu mig* með Lúdó sextettinum árið 1965, þá rödd átti engin önnur en leiksystirin úr Laugarnesfjörunni. Og það varð enginn endir á vinsældum hennar sem söngkonu, enda var röddin einstök og sviðsframkoman í senn hógvær og hrífandi. Hljómplötunum fjölgaði og það var nautn að syngja lög á borð við *Ég á mig sjálf* eða *Ég elska alla* með henni, ýmist heima í eldhúsi eða í partýum.

En þó að söngurinn væri henni í blóð borinn var hann henni ekki nóg. Það var önnur listgrein sem hafði freistað hennar frá unga aldri og rígfullorðin stúlka hóf hún nám í myndlist í Listaháskólanum og lauk því árið 2001. Það var eins með myndlistina og sönglistina, allt lá opið fyrir henni. Ég vissi auðvitað ekkert um þetta óvænta stökk hennar milli greina fyrr en ég fékk sem blaðamaður á DV boð á myndlistarsýninguna *Óboðnir gestir* í Gallerí Hlemmi í myrkasta mánuði ársins 2003. Þar var gamli fjörkálfurinn úr fjörunni mættur á nýjum vettvangi og ég varð gersamlega hugfangin af náttúrunni sem blasti við mér: ljómandi litríkum sóleyjum, gleym-mér-ei-um, hrafnaklukkum, fjólum og baldursbrám í yfirstærð. Í viðtalinu sem ég tók við hana (og er ansi

skemmtilegt, þó ég segi sjálf frá!) segir hún: „Þau eiga það öll sameiginlegt þessi blóm að þau eru íslensk og við elskum þau þegar við erum börn og fögnum þeim úti í náttúrunni sem full-orðið fólk en sláum þau miskunnarlaust, eitrum fyrir þau og rífum þau upp með rótum ef við finnum þau í garðinum okkar. Þar eru þau óboðnir gestir. Við útrýmum þeim jafnvel af umferðareyjum og plöntum svo gulum túlípönum í staðinn! Það hef ég aldrei skilið.“

Eftir samtalið við hana fór ég beint til ritstjóra blaðsins og lýsti listaverkunum fyrir honum, og ég lauk máli mínu á að fullyrða að ef hann keypti stóra málverkið af sólgulu fíflunum á sýningunni og hengdi það upp á ritstjórninni þá myndi gleðin ríkja á blaðinu um ókomna tíð. Hann tók ekki mark á mér og því fór sem fór!

Púra hefur haldið áfram að mála nákvæmar nærmyndir af náttúrunni, hinni villtu frekar en hinni ræktuðu, þó að ekki séu allar jurtir á myndum hennar „óboðnir gestir“. Ég hef reynt að elta einkasýningar hennar uppi og verkin hennar á samsýningum og stundum hef ég ekki getað staðist þau – því það verður að segjast: þau eru *ákaflega* freistandi. Mann langar að hafa þau hjá sér alltaf. Gleym-mér-ei-in óboðnu á Hlemmi fluttu fyrst heim til mín, næst kom blesa á hestshaus, svo bráðnandi Snæfellsjökull og nú bíð ég þess að frostrósirnar á glugganum í Laugarnesbænum skili sér heim í stofuna mína. Enn sé ég eftir að hafa ekki fjárfest í mýrargróðri þegar hann var í boði en myndin sem mig langaði mest í af þeirri sýningu situr blýföst í minninu. Þar fer auðvitað vel um hana en hennar njóta ekki aðrir, því miður.

Nú er Púra komin svo langt á þroskabrautinni að hún þarf ekki lengur að velja á milli, heldur nýtur þess bæði að syngja og mála. Það er okkar gróði. Og ég hlakka mikið til að fara á tónleika hjá henni í Listasafni Sigurjóns fyrstu helgina í febrúar – einmitt á staðnum þar sem nýjasta myndlistarsýningin hennar hangir ennþá uppi.

janúar 2024
Silja Aðalsteinsdóttir